

## Ljónynjur – hetjumæður

Fyrir skömmu (12. feb. 2021) skýrði ég frá því, að mæður háskólapilta í Ástralíu (Mothers of Sons), sem ákærðir hefðu verið um kynferðislegt ofbeldi gegn skólasysturum sínum, hefðu stofnað með sér félagsskap til að sporna gegn svokölluðum „kengúrúðómstónum“ við háskólana, sem „réttuðu“ yfir sonum þeirra. (Fésbókin hefur nú lokað síðunni.) Niðurstaðan var yfirleitt sú sama og í „mee-too“ dómstólum fjöl- og samfélagsmiðla – að ógleymdum almenningi og ríkisstjórnnum víða á Vesturlöndum, m.a. á Íslandi. Hinn ákærði var sakfelldur.

„Nauðgunarmenningin“ í háskólunum (og samfélaginu yfirleitt) er eitt af áróðursbrögðum kvenfrelsaranna. Það hefur þann eina tilgang að ófrægja karla, skapa ótta í þeirra garð, „gelda“ þá og grafa samtímis undan sanngjörnu réttarkerfi. Áróðurinn hefur hvorki við rök né rannsóknir að styðjast. „Vondi karlinn“ er hugarfóstur kvenfrelsaranna.

Norður-amerískar ljónynjumæður riðu á vaðið, þegar árið 2013. Til félagsskaparins var stofnað af Sherry Warren Seefeld og Allison Strange. Núverandi forseti er Cynthia Garrett.

Sýndardómstólar í háskólum Bandaríkja Norður-Ameríku rekja rót til breytinga á menntunarlöggjöfinni, einkum grein níu (Title IX), sem venjulega er kennd við kvenlögfræðinginn, Patsy Matsu Takemoto Mink (1927-2002). Breytingin var gerð að undirlagi kvenfrelsaranna og hvalreki fyrir þá. Hann hljómar svo: „Engan þegn Bandaríkja Norður-Ameríku skal vegna kynferðis útiloka frá þátttöku í aðgerðum eða áætlunum, sem hljóta fjárhagslegs stuðnings frá alríkisstjórninni. Ei heldur skal meina honum að njóta góðs af ellegar mismuna honum.“ Eins og gefur að skilja hefur þessari grein óspart verið beitt fyrir kvenfrelsunarvagninn á fjölmörgum sviðum eins og t.d. í íþróttum

Kvenfrelsunarsamtökin, „Feminist majority“ beindu einmitt spjótum sínum að íþróttum við menntastofnanir. Þau fullyrtu: „[Í]þróttakörlum í einstökum greinum er kennt að lítilsvirða konur og smána. ... [M]eð því að ala drengina upp sem herskáa íþróttamenn og með því að ala stúlkurnar upp til að hylla þá, er styrktur vítahringur ýgi og ofbeldis karla gegn konum.“

Löggjöfina hafa kvenfrelsarar óspart fært sér í nyt við sköpun goðsagnarinnar um „vonda karlinn“, sem í eðli sínu er nauðgari og kúgari kvenna hvarvetna. Allir karlar eru „vondir karlar.“ Konur eru saklaus fórnarlömb þeirra – eins og segir í goðsögninni.

Þess má og geta, að núverandi forseti BNA, Joseph Biden, var einn aðalhvátamanna þessarar greinar og hyggst skerpa hana frekar m.a. með því að draga til baka smávægilegar „réttarbætur“ Trump stjórnarinnar.

<https://www.facecampusequality.org/>